

Erindisbréf

ungmennaráðs Fjarðabyggðar

Umboð

1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 17 ára í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu.

Verksvið

2. gr.

Ungmennaráð fjallar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum ungs fólks. Það leitast við að efla umfjöllun bæjaryfirvalda um málefni er tengjast ungu fólki s.d. skipulögðu félags- og tómstundastarfi, menningar- og fræðslustarfi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum. Það fjallar um félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi starfsins og velferð barna og ungmenna.

Verkefni

3. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem bæjarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og veitir umsögn um þau ásamt öðrum málum sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið þess.

Helstu markmið, verkefni og hlutverk ungmennaráðs er:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega.
- að þjálfa fulltrúar ráðsins í lýðræðislegum vinnubrögðum og kennslu á stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins.
- að efla tengsl nemenda framhaldsskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan framhaldsskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan grunnskóla um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk.
- gerir tillögur til íþróttá- og tómstundanevndar, fræðslunevndar og stjórnar menningar og safnastofnunar um einstök málefni.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun í málafnum ungs fólks.

Laga- og reglurammi

4. gr.

Ungmennaráð starfar í samræmi við reglur og samþykktir bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

- Menningarstefnu Fjarðabyggðar
- Fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar

- Aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi ráðsins

Skipan

5. gr.

Starfstími ungmennaráðs skal vera frá 10. september til 31. maí ár hvert og er það skipað níu fulltrúum og níu til vara. Á fyrsta fundi ráðsins að hausti kýs það sér formann og varaformann úr sínum röðum. Fyrir 10. september ár hvert skulu eftirfarandi stofnanir tilnefna fulltrúa í ungmennaráð til tveggja ára í senn og skal bæjarstjórn staðfesta tilnefningu fulltrúanna.:

- A. Einn fulltrúi og einn til vara komi úr 8. til 10. bekk frá hverjum grunnskólanna fimm í Fjarðabyggð. Fulltrúi nemenda skólans skal valinn með almennri kosningu nemenda.
- B. Tveir fulltrúar og tveir til vara á aldrinum 16 – 17 ára koma frá Verkmenntaskóla Austurlands. Fulltrúar nemenda skólans skulu valdir með almennri kosningu nemenda.
- C. Stjórnir íþrótt- og ungmennafélaganna og unglíngadeilda björgunarsveitanna í Fjarðabyggð koma sér saman um tvo fulltrúa og tvo til vara frá ungmenna- og íþróttafélögunum. Félögin sem hér um ræðir eru Austri, Ársól, Efling, Gerpir, Hrafnkell Freysgoði, Leiknir, Súlan, Valur og Þróttur. Hvert félag á einn fulltrúa í senn og ræður stafrófsröð.

Sveitarfélagið mun leita tilnefninga hlutaðeigandi. Fulltrúi þeirra skal vera á aldrinum 13-17 ára. Skulu fulltrúar a og b liðar gr. skipaðir á oddatölu árs en fulltrúar c. liðar gr. á sléttri tölu árs þannig að skipunartími stjórnarmanna skarast.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ráðið um umsagnir, tillögur og áherslur þess eftir því sem við á.

Starfsmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Ráðið heldur að jafnaði einn funda á mánuði á starfstíma ráðsins, en þó skulu haldnir sex fundir á ári að lágmarki og þar af;

- A. einn með bæjarstjórn Fjarðabyggðar í janúar ár hvert, og skal dagskrá þess fundar undirbúin í samráði við forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
- B. einn með íþrótt- og tómstundanefnd í mars ár hvert. Dagskrá þessara funda skal undirbúin í samráði við starfsmann fjölskyldusviðs og formann íþrótt- og tómstundanefundar.
- C. Einn með fræðslunefnd í september ár hvert. Dagskrá þess fundar skal undirbúin í samráði við fræðslustjóra og formann fræðslunefndar.

Formaður ásamt starfsmanni ráðsins undirbúa dagskrá fundar. Starfsmaður í samráði við formann boðar til fundar með dagskrá. Óski fulltrúi í ráðinu eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna starfsmanni ráðsins það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í

ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega fram. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en úrskurði hans má skjóta til bæjarráðs.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Starfsmaður ráðsins er starfsmaður fjölskyldusviðs sem fer með æskulýðsmál. Starfsmaðurinn situr fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra. Bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafa alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsis- og tillögurétt.

Ráðsfulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll hamli. Sé aðalfulltrúi forfallaður skal hann tilkynna forföllin til formanns og boða varafulltrúa á fund.

Fundaskipulag og ritun fundargerðar

8. gr.

Formaður í samstarfi við starfsmann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fyrir íþrótta- og tómsundanefnd til afgreiðslu og staðfestingar bæjarstjórnar.

Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar og annarra nefnda sveitarfélagsins. Fundarritun er á ábyrgð starfsmanns nefndar og í samræmi við verklag sem gildir um skráningu og frágang fundargerða.

Í upphafi hvers starfstímabils ráðsins skal lögð fram tímasett fundaáætlun þess af formanni og starfsmanni ráðsins.

Samráð

9. gr.

Ráðið ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins.

Fjármál

10. gr.

Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem heyra undir ráðið. Fjárhagsramma skal varið til launa nefndarmanna, þinghalds, útgáfu eða fræðslu. Ungmennaráðið gerir starfsáætlun um verkefni sín í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir hvert starfsár.

Málsmeðferð

11. gr.

Við undirbúning og umfjöllun mála skal gætt að almennum málsmeðferðarreglum og unnið eftir verklagsreglum Fjarðabyggðar um undirbúning og afgreiðslu mála.

Fjarðabyggð 25. september 2023


Jóna Arný Þorðardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði þann 30. maí 2023
Samþykkt í bæjarstjórn þann 9. júní 2023

